
Skeljungur: Árshlutauppgjör þriðji ársfjórðungur 2018

- Metár hjá Skeljungu

Helstu niðurstöður þriðja ársfjórðungs 2018

- Hagnaður á hlut var 0,35 en var 0,21 á sama tímabili í fyrra.
- Nú þegar, eftir einungis níu mánuði, orðið besta rekstrarár Skeljungs frá upphafi.
- Framlegð nam 2.241 m.kr. og hækkar um 14% frá þriðja ársfjórðungi 2017.
- Rekstrarkostnaður lækkar um 47 m.kr. milli ára eða um 4,1%.
- EBITDA nam 1.179 m.kr. sem er 38% aukning frá sama tímabili ársins 2017.
- EBITDA framlegð var 52,6% miðað við 43,4% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður eftir skatta nam 724 m.kr. samanborið við 444 m.kr. sem er 63% hækkun á milli ára.
- Eigið fé þann 30.9. nam 8.962 m.kr. og eiginfjárlutfall var 35,3% í lok tímabilsins.

Helstu niðurstöður fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2018

- Hagnaður á hlut var 0,76 en var 0,56 á sama tímabili í fyrra.
- EBITDA nam 2.901 m.kr. sem er 23,1% aukning frá sama tímabili árið 2017.
- EBITDA framlegð var 48,6% miðað við 42,3% á sama tímabili í fyrra.
- Rekstrarkostnaðarlutfall var 55,6% samanborið við 59,4% árið áður.
- Hagnaður tímabilsins var 1.575 m.kr. og eykst um 34,4% á milli ára.
- Uppreiknuð arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 25,3% samanborið við 20,8% yfir sama tímabil árið 2017.
- Meðalgengi dönsku krónunnar var 16,7 íslenskar krónur, sem er 6% hækkun frá sama tímabili árið 2017.

Lykiltölur

Í m.kr.	Q3 2018	Q3 2017	%	9m 2018	9m 2017	%
Framlegð	2.241	1.965	14,0%	5.966	5.570	7,1%
EBITDA	1.179	854	38,1%	2.901	2.357	23,1%
EBIT	964	662	45,6%	2.284	1.787	27,9%
Hagnaður	724	444	63,0%	1.575	1.172	34,4%
EBITDA	52,6%	43,4%		48,6%	42,3%	
EBIT	43,0%	33,7%		38,3%	32,1%	
Launakostn./framlegð	22,7%	29,6%		24,6%	28,3%	
Sölu og dreif.kostn./framlegð	21,6%	22,8%		25,3%	23,6%	
Rekstrakostnaður/framlegð	49,4%	58,7%		55,6%	59,4%	
Arðsemi eigin fjár (Ársgrundvöllur)				25,3%	20,8%	

Horfur fyrir árið 2018

Félagið áætlað að EBITDA ársins verði á bilinu 3.100 – 3.300 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 750 – 850 m.kr., sbr. endurútgefna afkomuspá þann 21. ágúst 2018.

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 16,62.

Hendrik Egholm, forstjóri Skeljungs:

Ég vil byrja á að þakka þeim sem mættu á Kauphallardaga Skeljungs í Færeyjum kærlega fyrir komuna. Á Kauphallardögunum fóru stjórnendur Skeljungs yfir stöðuna í færeysku efnahagslífi, færeyska orkumarkaðinn, aukna sölu til alþjóðlegra skipa, vetni sem orkugjafa, lóðamál félagsins og framtíðarsýn félagsins hvað varðar Orkustöðvarnar, þ.e. þá sýn félagsins að spara neytendum bæði tíma og peninga. Afar ánægjulegt var hve vel var mætt og að allir haghafahópar markaðarins áttu þar fulltrúa. Ég vil árétta að sem fyrr standa dyr okkar opnar þeim sem áhuga hafa á því að eiga með okkur fundi varðandi málefni félagsins.

Þriðji ársfjórðungur kom mjög vel út, líkt og fyrri fjórðungur þessa árs. Eftir fyrstu níu mánuði ársins er árið 2018 nú þegar orðið besta rekstrarár í sögu Skeljungs. Selt magn heldur áfram að aukast í öllum tegundum utan flugvélaeldsneytis. Einnig höldum við áfram tiltektinni í rekstrinum, til þess að geta mætt kostnaðarþrýstingi bæði í Færeyjum og á Íslandi og haldið áfram að bjóða upp á ódýrt eldsneyti til neytenda. Ég vil hér einnig benda á að rekstrarniðurstöður okkar eru ekki háðar hækkandi olíuverði nema að takmörkuðu leyti, þar sem félagið er að mestu leyti áhættuvarið. Til þess að minnka rekstraráhættu kýs Skeljungur heldur að áhættuverja sig en að afkoma félagsins sé háð utanaðkomandi sveiflukenndum áhættupáttum.

Af rekstrinum er frá því að segja að sölu- og þjónustusamningur við Costco var endurnýjaður á dögunum. Mun Skeljungur því þjónusta Costco áfram á næsta ári. Undirbúningur þriðju vetnisstöðvarinnar að Miklubraut fer einnig að ná hámarki, auk þess sem vinna við breytingar á verslunum 10-11 í Kvikk er á lokastigum. Við stöldrum því stutta stund við til þess að njóta niðurstöðu uppgjörsins en höldum svo ótrauð áfram til þess að tryggja áframhaldandi árangur Skeljungs.

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna þriðja árshlutauppgjörs félagsins verður haldinn í höfuðstöðvum Skeljungs, Borgartúni 26, 8. hæð, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 14. nóvember 2018. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Hendrik Egholm, forstjóri, og Benedikt Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjörið og helstu þætti úr rekstrinum, auk þess sem spurningum fundargesta verður svarað.

Skeljungur mun í fyrsta sinn streyma fundinum beint hér: <https://global.gotomeeting.com/join/195260685>. Vakin er athygli á því að með því að taka þátt í fundinum í gegnum netvarpið, mun það nafn sem fundargestur skráir sig inn á birtast á skjá fundarins. Þátttakendur fundarins í gegnum netvarpið munu geta spurt spurninga munnlega eða í gegnum spjallþráð. Spurningar í gegnum spjallþráð munu einnig birtast á skjá fundarins. Bent er á að aðeins spurningar frá nafngreindum þátttakendum verða bornar upp, svo gætið þess að fylla út rétt nafn og netfang. Þess er vinsamlega óskað að fundargestir stilli sjálfa sig á hljóðlaust á meðan á kynningunni stendur, nema ef og á meðan fundargestur ber munnlega upp spurningu.

Kynningin er meðfylgjandi, auk þess sem upptaka frá fundinum verður aðgengileg á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/.

Fjárhagsdagatal 2018

Uppgjör 4F 2018 – 26. febrúar 2019

Ársuppgjör 2018 – 26. febrúar 2019

Aðalfundur 2019 – 26. mars 2019

Vinsamlegast athugið að dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Árshlutareikningur þriðja ársfjórðungs 2018

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins fyrir þriðja ársfjórðung 2018, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundinum 13. nóvember 2018. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess. Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins en ekki endurskoðaður.

Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

• • •

Frekari upplýsingar veitir Hendrik Egholm, forstjóri; fjarfestar@skeljungur.is, s: 444-3000 / 840-3002.

Skeljungur er orkufyrirtæki sem selur vörur og þjónustu á Íslandi, í Færeyjum og á Norður-Atlantshafinu. Meginstarfsemi félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum. Félagið starfrækir 76 eldsneytisstöðvar og 6 birgðastöðvar á Íslandi og í Færeyjum. Auk þess rekur selur félagið áburð og og efnavörur á Íslandi og rekur verslanir og þjónustar og selur olíu til húshitunar í Færeyjum. Viðskiptavinir Skeljungs spanna frá einstaklingum til fyrirtækja, í sjávarútvegi, landbúnaði, flutningum, flugi og til verktaka. Starfsemin er rekin undir merkjunum Skeljungur, Orkan, OrkanX og Magn. Meginmarkmið Skeljungs er að að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt.

www.skeljungur.is

<https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/>